

16. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis 26. apríl 2006

Fundurinn var að venju haldinn í Síðuskóla.

Mættir: Helga, Elín, Dýrleif, Sigþór, Drífa og Svala.

Bréf hefur borist frá Jónasi Vigfússyni deildarstjóra Framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar varðandi umferðarskiltin þar sem hann segir að verið sé að skoða þau mál. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með að það mál væri nú komið til framkvæmda.

Rætt var um samstarf bæjarráðs og hverfisnefnda. Skv. því sem Helga hefur komist að er óljóst hvernig því skal háttáð. Helga hefur gengið eftir svörum um það hjá Pétri Bolla og Kristjáni bæjarstjóra. Hverfisnefnd telur að hér sé mál á ferðinni sem kominn sé tími til að komast að niðurstöðu um til þess að vinna hverfisnefnda verði í ákveðnum farvegi og hafi eitthvað að segja.

Rætt var um fyrirhugaðan aðalfund. Ákveðið var að halda hann 12. júní. Þar verði m.a. til umfjöllunar tilgangur með stofnun hverfisnefnda og tengsl þeirra við bæjarráð. Helga, Dýrleif, Sigþór, Ingibjörg og Elín óska eftir því að ganga úr nefndinni. Nauðsynlegt er tala við fólk um setu í nefndinni fyrir aðalfund.

Fleira ekki bókað
Elín E. Magnúsd.